



Reykjavík, 21. júní 2023

SFS22060110

TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um breytingar á reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla:

Lagt er til að gerð verði breyting á gr. 2.2 en ákvæðið er svohljóðandi:

Með neðri stigum tónlistarnáms í reglum þessum er átt við fornám, grunnnám og nám á miðstigi í hljóðfæraleik og fornám og grunnnám í söng. Fjárhagslegur stuðningur Reykjavíkurborgar er bundinn við nemendur í framangreindu námi með lögheimili í Reykjavík.

Lagt er til að orðalag gr. 2.2 verði svohljóðandi:

Með neðri stigum tónlistarnáms í reglum þessum er átt við fornám, grunnnám og nám á miðstigi í hljóðfæraleik og fornám og grunnnám í söng. Fjárhagslegur stuðningur Reykjavíkurborgar er bundinn við nemendur í framangreindu námi með lögheimili í Reykjavík. *Jafnframt er stuðningurinn bundinn við nemendur á átjándra ári (18) og yngri vegna fornáms, grunn- og miðnáms í hljóðfæraleik og við nemendur á tuttugasta og sjötta ári (26) og yngri vegna nemenda í fornámi og grunnnámi í söng.*

Lagt er til að sett verði nýtt ákvæði í gr. 2.6 sem verði svohljóðandi:

Þegar fjallað er um aldursviðmið, hámarksaldur nemenda, í reglum þessum er miðað við árið sem nemandi nær tilteknum aldri.

Lagt er til að gerð verði breyting á gr. 5.2 en ákvæðið er svohljóðandi:

Fjárframlag vegna nemenda á neðri stigum tónlistarnáms: Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um árlegt heildarfjármagn og kennslumagn til tónlistarskóla vegna náms á neðri stigum tónlistarnáms. Heildarframlög til skólanna ráðast af árlegum fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og geta framlög til skólanna tekið breytingum milli ára. Alla jafna er tekið tillit til gildandi úthlutunar við úthlutun

fjármagns til tónlistarskóla. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg.

Lagt er til að orðalag gr. 5.2 verði svohljóðandi:

Fjárframlag vegna nemenda á neðri stigum tónlistarnáms: Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um árlegt heildarfjármagn og kennslumagn til tónlistarskóla vegna náms á neðri stigum tónlistarnáms. *Ekki er greitt fjárframlag í þágu kennslu nemenda eldri en 18 ára vegna fornáms, grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og ekki í þágu kennslu nemenda eldri en 26 ára vegna nemenda í fornámi og grunnnámi í söng.* Heildarframlög til skólanna ráðast af árlegum fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og geta framlög til skólanna tekið breytingum milli ára. Alla jafna er tekið tillit til gildandi úthlutunar við úthlutun fjármagns til tónlistarskóla. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg.

Lagt er til að gerð verði breyting á gr. 5.5 en ákvæðið er svohljóðandi:

Um fjárframlag vegna nemenda á neðri og efri stigum tónlistarnáms: Bein fjárframlög Reykjavíkurborgar til tónlistarskóla eru einungis vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík og falla utan samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda. Á meðan framangreint samkomulag er í gildi leggur Reykjavíkurborg ekki til fé til tónlistarskóla umfram framlag ríkisins vegna þeirra nemenda sem falla undir samkomulagið. Verði samkomulagið hvorki framlengt né endurskoðað að gildistíma liðnum mun Reykjavíkurborg taka afstöðu til þess hvort gera eigi þjónustusamninga við tónlistarskóla um framlög vegna þeirra nemenda sem féllu undir samkomulagið og þá aðeins vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík.

Lagt er til að orðalag gr. 5.5 verði svohljóðandi:

Bein fjárframlög Reykjavíkurborgar til tónlistarskóla eru einungis vegna nemenda *18 ára og yngri í fornámi, grunnnámi og námi á miðstigi í hljóðfæraleik og vegna nemenda í fornámi og grunnnámi í söng 26 ára og yngri (vegna neðri stiga tónlistarnáms).* Auk þess sem það er skilyrði að nemendur séu með lögheimili í Reykjavík og falli utan samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 29. mars 2022 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda. Á meðan framangreint samkomulag er í gildi leggur Reykjavíkurborg ekki til fé til tónlistarskóla umfram framlag ríkisins vegna þeirra nemenda sem falla undir samkomulagið. Verði samkomulagið hvorki framlengt né endurskoðað að gildistíma liðnum mun Reykjavíkurborg taka afstöðu til þess hvort gera eigi þjónustusamninga við tónlistarskóla um framlög vegna þeirra nemenda sem féllu undir samkomulagið og þá aðeins vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík.

Lagt er til að gerð verði breyting á gr. 7.1.3 en ákvæðið er svohljóðandi:

Fjármagn skal að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar.

Lagt er til að orðalag gr. 5.5 verði svohljóðandi:

Fjármagn skal að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar *tónlistarnáms á neðri stigum.*

Lagt er til að gerð verði breyting á gr. 11.1 en ákvæðið er svohljóðandi:

Umsókn um nám í tónlistarskóla fer fram í miðlægu innritunarkerfi Reykjavíkurborgar.

Lagt er til að orðalag gr. 11.1 verði svohljóðandi:

Umsækjendur um nám í tónlistarskóla *sækja um það hjá þeim tónlistarskóla sem þeir óska eftir að sækja. Umsókn og innritun er á ábyrgð viðkomandi tónlistarskóla. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að afla upplýsinga frá tónlistarskólanum um umsækjendur, stöðu biðlista og skráða nemendur með lögheimili í Reykjavík sem greitt er framlag vegna.*

Lagt er til að gerð verði breyting á gr. 12.2 en ákvæðið er svohljóðandi:

Tónlistarskóli afhendir skóla- og frístundasviði þegar eftir því er óskað yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins auk upplýsinga um áætlaðan nemendafjölda.

Lagt er til að orðalag gr. 12.2 verði svohljóðandi:

Tónlistarskóli afhendir skóla- og frístundasviði þegar eftir því er óskað yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers. *Jafnframt upplýsingar um áætlaðan nemendafjölda, fjölda umsókna, stöðu á biðlista og upplýsingar um nöfn og kennitölur nemenda með lögheimili í Reykjavík og nám þeirra.*

Lagt er til að gerð verði breyting á eftirtöldum ákvæðum með þeim hætti að vísað verði til samkomulags ríkis og Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 29. mars 2022 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms í stað samkomulags, dags. 3. desember 2018: 1.2, 2.3, 5.3, 5.5, 8.1, 8.2 og gr. 16.

Lagt er til að gerð verði sú breyting á reglum Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla að ákvæði til bráðabirgða í reglunum varðandi ákvæði 9.1 verði framlengt um eitt ár þannig að það nái jafnframt til skólaársins 2023–2024 og falli úr gildi þann 31. júlí 2024.

Lagt er til að sett verði eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða vegna ákvæði 2.2, 5.2 og 5.5 reglna þessara vegna neðri stiga tónlistarnáms:

Nemendur yfir 18 ára aldri sem þegar stunda nám skólaárið 2022-2023 í tónlistarskólum með gildandi þjónustusamning við Reykjavíkurborg fá undanþágu til að ljúka námi sínu miðað við eðlilega námsframvindu til 25 ára aldurs.

Frá og með skólaárinu 2023-2024 verður ekki heimilt að nota fjárframlag vegna eða í þágu nýrra nemenda sem náð hafa 18 ára aldri í fornámi, grunnnámi og miðnámi. Þeir sem hófu nám fyrir 18 ára aldur frá þeim tíma fá þó undanþágu, miðað við eðlilega námsframvindu, til 23 ára aldurs til að ljúka grunn- og miðprófi. Undanþágan á einnig við þó nemandi hefji nám í öðrum tónlistarskóla á sama hljóðfæri. Hafi nemandi lokið grunnprófi fyrir 18 ára aldur hefur hann til 23 ára aldurs til að ljúka miðprófi þó svo viðkomandi hafi gert hlé á námi á tímabilinu. Sem fyrr er greitt rekstrarframlag vegna

náms á framhaldsstigi gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga samkvæmt gildandi samkomulagi þar um.

Nemendur yfir 26 ára aldri sem þegar stunda söngnám skólaárið 2022-2023 í tónlistarskólum með gildandi þjónustusamning við Reykjavíkurborg fá undanþágu til að ljúka söngnámi sínu miðað við eðlilega námsframvindu til 30 ára aldurs.

Frá og með skólaárinu 2023-2024 verður ekki heimilt að nota fjárframlag vegna eða í þágu nýrra nemenda sem náð hafa 26 ára aldri í grunnnámi í söng. Þeir sem hófu nám fyrir 26 ára aldur frá þeim tíma fá þó undanþágu til að fjárframlag sé notað í þeirra þágu miðað við eðlilega námsframvindu til 28 ára aldurs til að ljúka grunnprófi. Undanþágan á einnig við þó nemandi hefji nám í öðrum tónlistarskóla í söng. Sem fyrr er greitt fjárframlag vegna náms á mið- og framhaldsstigi gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga samkvæmt gildandi samkomulagi þar um.

Sem áður er það skilyrði að nemendur séu með lögheimili í Reykjavík auk annarra skilyrða sem þarf að uppfylla.

Breytingar taki gildi við samþykkt borgarráðs.

Greinargerð:

I

Yfirlit yfir meðferð málsins

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 29. mars 2022 og í borgarráði þann 7. apríl 2022 var samþykkt innleiðingaráætlun um [stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030, dags. 21. mars 2022.](#)

Til samræmis við aðgerðaráætlun er snýr að tónlistarskólum var settur á laggirnar samstarfshópur skipaður fulltrúum STÍR og fulltrúum skóla- og frístundasviðs sem ætlað var að finna leiðir til að auka fjölda barna sem hafa aðgengi að tónlistarnámi í Reykjavík í tengslum við endurnýjun þjónustusamninga borgarinnar við tónlistarskóla. Gert var ráð fyrir að hópurinn skili tillögum fyrir haust 2023.

Samstarfshópur STÍR og fulltrúar skóla- og frístundasviðs átti fyrst fund þann 13. desember 2022 þar sem farið var yfir helstu verkefni hópsins og fundaáætlun samþykkt. Hópurinn fundaði samtals fimm sinnum á tímabilinu 13. desember 2022 til 25. maí 2023. Verkefni hópsins voru fjölbætt og snéru m.a að því að fara yfir skráningarmál tónlistarskólanna, ráðstöfun frístundastyrks í nýju kerfi, ræða undanþáguákvæði í núverandi samningum frá 150 nemenda lágmarksviðmiði í tónlistarskólum, inntökuvíðmið í skólana auk hlutfalls stjórnunarkostnaðar.

Eitt af verkefnum hópsins var að ræða hagræðingartillögur sem samþykktar voru í borgarstjórn þann 6. desember 2022, sjá hér <https://reykjavik.is/fundargerdir/borgarstjorn-6122022>, tillögur SBPC – 62 og SBPC – 63.

Þann 31. janúar 2023 var haldinn fundur með fulltrúum tónlistarskólanna til að kynna þeim ofangreindar tillögur sem samþykktar voru í borgarstjórn þann 6. desember 2022 og rætt um áframhaldandi vinnslu þeirra innan samstarfshóps SFS og STÍR.

Þann 30. maí sl. var haldinn fundur þar sem öllum fulltrúum tónlistarskólanna var boðið að fá kynningu á ráðgerðum tillögum skóla- og frístundasviðs um útfærslu skerðingar framlaga og breytinga á reglum um þjónustusamninga vegna aldursviðmiða nemenda. Jafnframt var farið yfir ráðgerðar tillögur að sólarlagsákvæðum vegna aldursviðmiða.

Þann 6. júní 2023 var tónlistarskólum með þjónustusamning við Reykjavíkurborg sent bréf þar sem þeim var tilkynnt um áform skóla- og frístundasviðs að leggja til við skóla- og frístundaráð að núgildandi samningar vegna neðri stiga tónlistarnáms verði framlengdir um eitt ár með viðauka að teknu tilliti til lægri framlaga vegna aldursviðmiða og ráðgerðra breytinga á reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla. Tónlistarskólunum var veittur frestur til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum til og með 13. júní 2023.

II Umsagnir vegna breytinga

Skóla- og frístundasviði bárust umsagnir og athugasemdir eftirfarandi aðila um ráðgerðar breytingar á reglum um þjónustusamninga við tónlistarskóla og drög að samningum vegna neðri og efri stiga tónlistarnáms: Tónlistarskóli FÍH dags. 7. júní 2023, Nýi tónlistarskólinn dags. 7. júní 2023, Tónlistarfélagið Strengur dags. 8. júní 2023, Tónstofa Valgerðar ehf dags. 10. júní 2023, Tónskóli Eddu Borg dags. 12. júní 2023 og Tónskóli Sigursveins, dags. 19. júní 2023.

Athugasemdir tónlistarskólanna snúa að ýmsum atriðum og er meðal annars mótmælt skertum framlögum til tónlistarskólanna á skólaárinu 2023-2024. Nánari umfjöllun um efni athugasemda og viðbrögð skóla- og frístundasviðs er að finna í umfjöllun um tillögu vegna samninga við tónlistarskóla skólaárið 2023 -2024 í greinargerð sviðsstjóra, dags. 21. júní 2023.

III Athugasemdir við einstakar greinar vegna tillagna að breytingum

Vegna breyttra aldursviðmiða og bráðabirgðaákvæðis vegna þeirra

Gert er ráð fyrir að með breyttum reglum verði ekki greitt fjárframlag til tónlistarskóla með þjónustusamning vegna neðri stiga vegna nemenda eldri en 18 ára vegna grunn- og miðnáms í hljóðfæraleik og ekki vegna nemenda eldri en 26 ára vegna nemenda í fornámi og grunnnám í söng. Fjárframlag ber því að nýta vegna nemenda sem eru yngri en að ofan greinir. Þegar fjallað er um aldursviðmið, hámarksaldur nemenda, er miðað við árið sem nemandi nær tilteknum aldri. Sem dæmi ef nemandi er 18 ára í maí 2024 þá er heimilt að nýta framlag vegna hans út árið 2024.

Framangreint er lagt til í samræmi við innleiðingarætlun stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030 sem samþykkt var í borgarráði þann 7. apríl 2022 en þar kemur fram að í samstarfshóp fulltrúa STÍR og SFS verði ávarpað hvernig greiðsluþátttöku fyrir nemendur eldri en 25 ára í hljóðfæranámi á grunn- og miðstigi verði háttáð.

Jafnframt kemur fram í skýrslu starfshóps um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030 að viðmið um aldur og námsframvindu tónlistarnemenda verði tekin upp í áföngum og tími gefinn til aðlögunar.

Að lokum er þess getið að breytingin er í samræmi við framangreinda samþykkt borgarstjórnar frá 6. desember 2022.

Lagt er til að tónlistarskólum með þjónustusamning við Reykjavíkurborg verði gefin rúmur tími til að mæta settum viðmiðum um aldur og námsframvindu eins og lýst er í bráðabirgðaákvæði. Sem dæmi þá þýðir þetta að á skólaárinu 2023 til 2024 er heimilt að nýta fjárframlag vegna nemanda á grunn og miðstigi í hljóðfæraleik sem hóf nám fyrir 18 ára aldur út almanaksárið sem viðkomandi nemandi verður 23 ára. Auk þess er heimilt að nýta fjárframlag vegna nemanda á grunnstigi í söng sem hóf nám fyrir 26 ára aldur út almanaksárið sem viðkomandi nemandi verður 28 ára. Út frá þeim forsendum má gera ráð fyrir að árið 2028 geti ákvæði til bráðabirgða fallið endanlega úr gildi. Miðað við upplýsingar frá tónlistarskólum má jafnframt gera ráð að stór hluti nemenda, sem falla undir bráðabirgðaákvæði, hafi lokið námi 2025.

Undanþágan nær til nemenda með eðlilega námsframvindu en í því tilliti er fyrst og fremst verið að vísa til Aðalnámskrár tónlistarskóla sem tók gildi 1. júní 2000.

Fyrir liggur að í einum tónlistarskóla hefur allt frá stofnun árið 1986 verið lögð áherslu á að sinna einstaklingum, bæði börnum og fullorðnum sem vegna fötlunar sinnar hafa ekki haft greiðan aðgang að öðrum tónlistarskólum. Framvinda og markmið kennslunnar sem og kennsluáferðirnar taka mið af forsendum, þörfum og óskum hvers einstaks nemanda. Ekki hefur verið gerður sérstakur samningur eða greitt sérstakt framlag vegna þjónustu skólans við fólk með fötlun. Gert er ráð fyrir að hafið verði samtal við velferðarsvið Reykjavíkurborgar og ríkisvaldið um hvernig fjármögnun tónlistarnáms fullorðins fólks með fötlun verður best fyrirkommið til framtíðar. Að svo stöddu er ekki sett bráðabirgðaákvæði vegna þessa þar sem enn er unnið að útfærslu. Engu að síður er gert ráð fyrir að lagt verði til á næstu vikum að sett verði ákvæði til bráðabirgða sem kveði á um undanþágu fatlaðs fólks með staðfesta fötlunargreiningu frá aldursviðmiðum.

Vegna breytinga á innritun í tónlistarskóla og skráningarkerfi

Eins og fram kemur í innleiðingaáætlun stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030 þurfti að uppfæra kerfi vegna skráninga í tónlistarskóla eða koma því í viðunandi farveg

Gert er ráð fyrir að tónlistarskólar sjái um innritun nemenda í tónlistarskóla en að Reykjavíkurborg áskilji sér rétt til að afla upplýsinga um biðlista og innritun enda eru tónlistarskólarnir allir sjálfir með slíkar lausnir.

Vegna Samkomulags Jöfnunarsjóðs

Mennta- og barnamálaráðherra, innviðarráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga f.h. sveitarfélaga hafa undirritað samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, dags. 29. mars 2022. Samkomulagið gildir frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2024.

Vegna kröfu um 150 nemendur eða ígildi þess fjölda

Í reglum Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla kemur fram í ákvæði 9.1. að tónlistarskóli þurfi að jafnaði að hafa a.m.k. 150 nemendur eða ígildi þess fjölda á grunnstigi, sem stunda nám til viðurkenndra áfangaprófa samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Skóli er ekki skyldugur til að hafa 150 reykvíska nemendur, heldur einungis að hafa 150 nemendur í

styrkhæfu námi að mati Reykjavíkurborgar. Í gildi er ákvæði til bráðabirgða sem veitir undanþágu frá framangreindu gagnvart þeim sem gerður hefur verið þjónustusamningur við.

Lagt er til að bráðabirgðaákvæði sem veitir undanþágu frá framangreindu verði framlengt til 31. júlí 2024. Í samræmi við stefnu borgarinnar um stærri grunneiningar í tónlistarnámi stendur til að fella slíka undanþágu úr gildi samhliða nýjum langtímasamningum.

IV Fjárhagsleg áhrif

Skóla- og frístundasvið er með bindandi samninga við tónlistarskóla til 31. júlí 2023. Þeir samningar taka til 7/12 af núverandi fjárhagsári og því hefur útfærsla á hagræðingu verið bundin við 5/12 tímabilsins eða tímabilið 1. ágúst til 31. desember 2023. Til grundvallar liggur að breyting á reglum leiði til þess að fjárhæðir nýrra samninga lækki um að lágmarki um 31,3 milljónir króna á þessu fjárhagsári. Í heildina er gert ráð fyrir 35 milljón króna hagræðingu vegna breytingarinnar á fjárhagsárinu 2023.

IV. Afgreiðsla

Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið er tillaga að breytingum á reglum Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla lagðar fram til samþykktar og tilvísunar til borgarráðs.

Reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla

1. gr. Gildissvið

Reglur þessar gilda um:

- 1.1 Þjónustusamninga, sem Reykjavíkurborgar gerir við tónlistarskóla í Reykjavík vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík sem stunda fornám, grunnám og miðnám á hljóðfæri og fornám og grunnám í söng (neðri stig tónlistarnáms), sbr. lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og aðalnámskrá tónlistarskóla, sbr. auglýsingu nr. 529/2000, og úthlutun fjármagns á grundvelli þeirra.
- 1.2 Þjónustusamninga, sem Reykjavíkurborg gerir við tónlistarskóla í Reykjavík vegna nemenda sem stunda nám í söng á miðstigi, framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig og sem stunda nám í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig (efri stig tónlistarnáms), og greitt er vegna á grundvelli samkomulags, dags. [29. mars 2022](#) ~~3. desember 2018~~, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglna Jöfnunarsjóðs, dags. 31. ágúst 2016, um framlögin.
- 1.3 Áður en þjónustusamningur er gerður við tónlistarskóla skal eftirfarandi liggja fyrir:
 - 1.3.1 Sérstakt samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytis sbr. lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
 - 1.3.2 Samþykktir fyrir tónlistarskóla, þar sem fram kemur rekstrarform, stjórn, og fjármögnun, undirritaðar af stjórn eða skólanefnd skólans.
 - 1.3.3 Þriggja ára fjárhagsáætlun skólans eða fjárhagsáætlun til jafn langs tíma og þjónustusamningur nær til.
 - 1.3.4 Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að ganga úr skugga um rekstrarhæfi tónlistarskóla áður en þjónustusamningur er gerður við skólann og hvenær sem er eftir að slíkur samningur hefur verið gerður ef málefnalegar ástæður eru fyrir hendi. Ef vafi leikur á um rekstrarhæfi tónlistarskóla er Reykjavíkurborg heimilt að hafna samningsgerð við skólann eða eftir atvikum að segja upp gildandi samningi. Til samræmis við lög um ársreikninga nr. 3/2006 skal koma fram í skýrslu stjórnar með ársreikningi ef vafi leikur á um rekstrarhæfi sbr. gr. 12.4 í reglum þessum.

2. gr. Skilgreiningar á hugtökum

- 2.1 Með tónlistarskóla í reglum þessum er átt við tónlistarskóla eins og hann er skilgreindur í 1. gr. laga nr. 75/1985.
- 2.2 Með neðri stigum tónlistarnáms í reglum þessum er átt við fornám, grunnám og nám á miðstigi í hljóðfæraleik og fornám og grunnám í söng. Fjárhagslegur stuðningur Reykjavíkurborgar er bundinn við nemendur í framangreindu námi með lögheimili í Reykjavík. [Jafnframt er stuðningurinn bundinn við nemendur á átjándra ári \(18\) og yngri](#)

DRÖG

[vegna fornáms, grunnnáms- og miðnáms í hljóðfæraleik og við nemendur á tuttugasta og sjötta ári \(26\) og yngri vegna nemenda í fornámi og grunnnámi í söng.](#)

2.3 Með efri stigum tónlistarnáms í reglum þessum er átt við nám í söng á miðstigi, framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig og nám í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig. Reykjavíkurborg leggur ekki til fjármuni vegna framangreinds náms heldur miðlar framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli samkomulags, dags. ~~29. mars 2022~~ ~~desember 2018~~, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Ekki er gerð krafa um að nemendur hafi lögheimili í Reykjavík.

2.4 Með nemendastundum í reglum þessum er átt við allar kennslustundir í aðalnámsgrein, meðleik og aukanámsgreinum auk stjórnunarstunda skv. kjarasamningum, umreiknuðum yfir í kennslustundir í grunnnámi.

2.5 Jafngildi grunnstigsnemanda í fullu námi er í reglum þessum talið 38 nemendastundir á ári.

~~2.5.2.6~~ [Þegar fjallað er um aldursviðmið, hámarksaldur nemenda, í reglum þessum er miðað við árið sem nemandi nær tilteknum aldri.](#)

Sniðið: Leturgerð: (Sjálfgefið) Times New Roman, 12 pkt.

3. gr. Markmið

3.1 Markmið reglna þessara er:

3.1.1 Að stuðla að góðu, faglegu, vel skipulögðu og fjölbreyttu námi á neðri og efri stigum tónlistarnáms í Reykjavík.

3.1.2 Að stuðla að því að hjá tónlistarskólum í Reykjavík starfi fagfólk, sem hefur menntun og hæfni til að sinna kennslu í tónlistarnámi.

3.1.3 Að stuðla að því að tónlistarskólar í Reykjavík séu sýnilegt og lifandi afl í nærumhverfi sínu.

4. gr.

4.1 Í þjónustusamningi Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla skal að minnsta kosti fjalla um fjárframlag til tónlistarskóla og kennslumagn, skilyrði framlags til tónlistarskóla, skilyrði um kennslu og kennslumagn tónlistarnáms, umsókn og innritun í tónlistarskóla, upplýsingagjöf og eftirlit, vanefndir á þjónustusamningi, leiðréttingar á fjárframlagi og samningstíma.

5. gr. Um fjárframlag til tónlistarskóla

5.1 Reykjavíkurborg ber hvorki lagalega né fjárhagslega ábyrgð á rekstri þeirra tónlistarskóla sem gert hafa þjónustusamning við Reykjavíkurborg.

5.2 *Fjárframlag vegna nemenda á neðri stigum tónlistarnáms:* Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um árlegt heildarfjármagn og kennslumagn til tónlistarskóla vegna náms á neðri stigum tónlistarnáms. [Ekki er greitt fjárframlag í þágu kennslu nemenda eldri en](#)

DRÖG

[18 ára vegna fornáms, grunnnáms -og miðnáms í hljóðfæraleik og ekki í þágu kennslu nemenda eldri en 26 ára vegna nemenda í fornámi og grunnnámi í söng.](#) Heildarframlög til skólanna ráðast af árlegum fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og geta framlög til skólanna tekið breytingum milli ára. Alla jafna er tekið tillit til gildandi úthlutunar við úthlutun fjármagns til tónlistarskóla. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg.

5.3 *Fjárframlag vegna nemenda á efri stigum tónlistarnáms:* Reykjavíkurborg miðlar framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna náms á efri stigum tónlistarnáms, sbr. gr. 2.3 reglna þessara. Um úthlutun, miðlun og nýtingu framlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gilda ákvæði samkomulags, dags. ~~29. mars 2022~~ ~~3. desember 2018~~, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglur Jöfnunarsjóðs, dags. 31. ágúst 2016, og ákvæði reglna þessara.

Sniðið: Ekki Auðkennt

5.4 Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar greiðir tónlistarskólum fjárframlag í samræmi við þjónustusamninga, sbr. gr. 1.1 í reglum þessum og miðlar framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í samræmi við þjónustusamninga, sbr. gr. 1.2 í reglum þessum.

5.5 *Um fjárframlag vegna nemenda á neðri og efri stigum tónlistarnáms:*

Bein fjárframlög Reykjavíkurborgar til tónlistarskóla eru einungis vegna nemenda [18 ára og yngri í fornámi, grunnnámi og námi á miðstigi í hljóðfæraleik og vegna nemenda í fornámi og grunnnámi í söng 26 ára og yngri \(vegna neðri stiga tónlistarnáms \)](#). [Auk þess sem það er skilyrði að nemendur séu](#) með lögheimili í Reykjavík og fallja utan samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá ~~29. mars 2022~~ ~~3. desember 2018~~ um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda. Á meðan framangreint samkomulag er í gildi leggur Reykjavíkurborg ekki til fé til tónlistarskóla umfram framlag ríkisins vegna þeirra nemenda sem falla undir samkomulagið. Verði samkomulagið hvorki framlengt né endurskoðað að gildistíma liðnum mun Reykjavíkurborg taka afstöðu til þess hvort gera eigi þjónustusamninga við tónlistarskóla um framlög vegna þeirra nemenda sem féllu undir samkomulagið og þá aðeins vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík.

5.6 Tónlistarskóli nýtir árlegt framlag til greiðslu kennslu- og stjórnunarkostnaðar í samræmi við þann fjölda nemendastunda sem tilgreindar eru í samningi við hann og skólamir telja sig að lágmarki geta kennt m.v. heildarframlag.

5.7 Tónlistarskólar skulu innheimta skólagjöld. Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnaði kennara og skólastjóra, að svo miklu leyti sem rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af styrktarmeðlimum eða annarri fjáröflun.

5.8 Tónlistarskólar bera ábyrgð á að kennsla og önnur starfsemi þeirra sé í samræmi við gildandi þjónustusamning. Skilyrði þess að tónlistarskóli fái fjárframlag Reykjavíkurborgar og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að hann starfi að fullu samkvæmt þessum reglum.

- 5.9** Tónlistarskólum ber að fara eftir kjarasamningum sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir við stéttarfélög tónlistarskólakennara á hverjum tíma, þ.m.t. ábyrgð á réttu og samræmdu mati menntunar og reynslu tónlistarkennara í samræmi við ákvæði kjarasamnings.
- 5.10** Tónlistarskóli sem greiðir fleiri stjórnunarstundir en kjarasamningar kveða á um þarf að skila frávíkagreiðingu til Reykjavíkurborgar en hvorki fjármagn frá Reykjavíkurborg né Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skal nota til greiðslu þess kostnaðar.
- 5.11** Tónlistarskóla er heimilt að sækja sérstaklega um aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar skólans við afleysingar vegna langtímaforfalla tónlistarkennara sem ekki hafa náð 70 ára aldri, að loknum samfelldum eins mánaðar forföllum kennarans, sem staðfest eru með læknisvottorði og að því gefnu að tónlistarkennarinn eigi rétt á greiðslu launa í veikindum sínum. Umsóknarfrestur um aukaframlag er til 1. júní vegna yfirstandandi skólaárs. Ekki er greitt aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar vegna langtímaveikinda tónlistarkennara sem náð hafa 70 ára aldri.

6. gr.

Ákvörðun um breytingu á úthlutun fjárframlags

- 6.1** Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar gerir tillögu til borgarráðs um gerð þjónustusamnings við nýja tónlistarskóla, s.s. í nýjum hverfum, hverfum sem eru í vexti eða þegar starfandi tónlistarskóli hættir rekstri. Í þessum tilvikum skal Reykjavíkurborg auglýsa eftir aðilum sem áhuga hafa á að reka tónlistarskóla eða setja upp útibú frá starfandi skóla.
- 6.2** Ef tónlistarskóli hættir eða umtalsverð fækkun verður á kenndum stundum í tilgreindum skólum er heimilt að úthluta samsvarandi stundum til annarra skóla. Miða skal við að beina kennslumagnni einkum í þau hverfi sem eru í vexti með tilliti til barnafjölda eða þar sem fá tækifæri eru til tónlistarnáms.
- 6.3** Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar getur veitt tónlistarskóla undanþágu frá lágmarksfjölda nemenda (150) eða ígildi þess ef um er að ræða borgarhluta sem skortir slíka þjónustu að mati skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, nýjungar í starfi eða faglega þróun sem talin er þörf á að styrkja, s.s. fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning. Tillögu um slíkt skal leggja fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar.

7. gr.

Skilyrði um kennslu og kennslumagn á neðri stigum tónlistarnáms

- 7.1** Tónlistarskóli sem Reykjavíkurborg gerir þjónustusamning við skal uppfylla eftirtalin skilyrði og markmið um kennslu og kennslumagn vegna neðra stiga tónlistarnáms:

7.1.1 Tónlistarskóli skal leitast við að kenna hverjum nemanda í fullu námi að jafnaði eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein, auk hliðargreina, á starfstíma tónlistarskólans samkvæmt kjarasamningi.

7.1.2 Aðalnámskrá tónlistarskóla skal ávallt liggja til grundvallar náminu, en skólanum er heimilt að leggja áherslu á afmarkaða þætti aðalnámskrárinnar í þeim tilgangi að auka fjölbreytni í tónlistarskólstarfinu og mæta áhuga nemenda.

7.1.3 Fjármagn skal að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar [tónlistarnáms á neðri stigum](#).

7.1.4 Tónlistarskóla er heimilt að sækja um að fjárframlög úr borgarsjóði vegna samþykks kennslumagns á neðri stigum tónlistarnáms verði nýtt með öðrum hætti en að framan greinir, en þó aðeins þannig að breytingin leiði til fjölgunar nemenda, enda fái hver nemandi í fullu námi a.m.k. eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein sinni þar sem kennsla fer fram í smærri eða stærri hópum auk hliðargreina. Skólinn skal gera grein fyrir nýtingu fjármagns á grundvelli breytts fyrirkomulags kennslu og áhrifum þess í starfsáætlun og greinargerð.

7.1.5 Áhersla er lögð á að tónlistarskólar leiti eftir samstarfi við grunnskóla Reykjavíkurborgar um kennslu yngri nemenda á skólatíma eða í beinu framhaldi af honum. Skriflegt samþykki foreldra nemenda þarf til að taka nemendur út úr kennslutímum grunnskóla til iðkunar tónlistarnáms.

8. gr.

Skilyrði um kennslu og kennslumagn á efri stigum tónlistarnáms

- 8.1** Á grundvelli samkomulags ríkis við Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. [29. mars 2022](#) ~~3. desember 2018~~, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms greiðir ríkið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til greiðslu kennslukostnaðar í tónlistarskólum vegna náms í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og náms í söng á miðstigi og framhaldsstigi auk viðbótarnáms eftir framhaldsstig. Reykjavíkurborg tekur við framlagi vegna tónlistarnáms á efri stigum frá Jöfnunarsjóði, stýrir aðgengi að náminu og nýtingu kennslumagns með gerð þjónustusamninga og greiðir áfram til tónlistarskóla á grundvelli samkomulags og reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda og að teknu tilliti til málefnalegra sjónarmiða þegar þeim reglum sleppir.
- 8.2** Í þjónustusamningi við tónlistarskóla vegna kennslu á efri stigum tónlistarnáms skal tilgreina heildarframlag á skólaárinu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem kemur í hlut skólans vegna þess kennslumagns sem fellur undir samkomulag og ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá [29. mars 2022](#) ~~3. desember 2018~~ og reglur Jöfnunarsjóðs um framlögin. Sömuleiðis skal tilgreina það kennslumagn sem miðað er við í útreikningi framlags, sem byggir á upplýsingum frá skólum til Reykjavíkurborgar og Jöfnunarsjóðs frá fyrra ári. Enn fremur skal tilgreina það lágmarkskennslumagn sem skólanum er ætlað að uppfylla. Fjármagn skal að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar vegna náms á efri stigum tónlistarnáms.

- 8.3 Tónlistarskóli skal fylgja reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um kennslu og nýtingu kennslumagns og þessum reglum þegar reglum Jöfnunarsjóðs sleppir.

9. gr.

Skilyrði um kennslu og kennslumagn á neðri og efri stigum tónlistarnáms

- 9.1 Tónlistarskóli þarf að jafnaði að hafa a.m.k. 150 nemendur eða ígildi þess fjölda á grunnstigi, sem stunda nám til viðurkenndra áfangaprófa samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Skóli er ekki skyldugur til að hafa 150 reykvíska nemendur, heldur einungis að hafa 150 nemendur í styrkhæfu námi að mati Reykjavíkurborgar.
- 9.2 Tónlistarskólanum er heimilt að ráðstafa fleiri nemendastundum en fram kemur í þjónustusamningi en aukin þjónusta skólans hefur ekki áhrif á fjárhæð framlags.
- 9.3 Tónlistarskóli sem velur að kenna fleiri nemendastundir en þjónustusamningur kveður á um skal gera grein fyrir því og með hvaða hætti það hefur áhrif á það kennslumagn sem hverjum nemanda býðst.
- 9.4 Skólaári skal ljúka með prófum og opinberum tónleikum.

10. gr.

Kaup á viðbótarþjónustu

- 10.1 Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar getur samkvæmt nánari reglum tekið ákvörðun um og lagt til við borgarráð að keypt verði viðbótarþjónustu af ákveðnum tónlistarskólum. Rökstyðja skal slíka ákvörðun.

11. gr.

Umsókn og innritun í tónlistarskóla

- 11.1 ~~Umsækjendur skóla~~ um nám í tónlistarskóla sækja um það hjá þeim tónlistarskóla sem þeir óska eftir að sækja. Fer fram í miðlægu innritunarkerfi Reykjavíkurborgar. Umsókn og innritun er á ábyrgð viðkomandi tónlistarskóla. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að afla upplýsinga frá tónlistarskólanum um umsækjendur, stöðu á biðlista og skráða nemendur með lögheimili í Reykjavík sem greitt er fjárframlag vegna.

12. gr.

Upplýsingagjöf og eftirlit

- 12.1 Tónlistarskóli gerir starfsáætlun samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og sendir Reykjavíkurborg eigi síðar en 1. júlí ár hvert.
- 12.2 Tónlistarskóli afhendir skóla- og frístundasviði þegar eftir því er óskað yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers. Jafnframt og eins auk upplýsingar um áætlaðan nemendafjölda, fjölda umsókna,

[stöðu á biðlista og upplýsingar um nöfn og kennitölur nemenda með lögheimili í Reykjavík og nám þeirra.](#)

- 12.3 Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur getur krafði tónlistarskóla um fjárhagsáætlun fyrir tiltekið tímabil samkvæmt leiðbeiningum Reykjavíkurborgar.
- 12.4 Tónlistarskóli sendir skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar endurskoðaðan ársreikning um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög um ársreikninga og góða reiknisskilavenju auk skýrslu stjórnar að fyrir 1. febrúar ár hvert. Ársreikningur skal gerður á grundvelli skólaársins frá 1. ágúst til 31. júlí.
- 12.5 Tónlistarskóli skilar greinargerð um starfsemi síðasta skólaárs samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar fyrir 1. júlí ár hvert.
- 12.6 Tónlistarskóli skilar til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar upplýsingum um kennslu og nýtingu kennslumagns á efri stigum tónlistarnáms vegna yfirstandandi skólaárs á viðeigandi eyðublaði fyrir 1. mars ár hvert.
- 12.7 Reykjavíkurborg getur hvenær sem er látið gera stjórnsýsluúttekt á tónlistarskólum.

13. gr.

Menntun skólastjórna og kennara

- 13.1 Stjórn/skólanefnd tónlistarskóla ræður skólastjóra.
- 13.2 Menntun skólastjóra skal vera tónlistarskólakennari III samkvæmt kjarasamningum við tónlistarkennara hið minnsta og framhaldsmenntun á sviði tónlistar eða stjórnunar er æskileg.
- 13.3 Alla jafna er gert ráð fyrir því að starf skólastjóra sé fullt starf.
- 13.4 Minnst 80% kennara í hverjum tónlistarskóla skulu hafa réttindi tónlistarskólakennara III samkvæmt kjarasamningum við tónlistarkennara.

14. gr.

Samningstími

- 14.1 Þjónustusamningur Reykjavíkurborgar við nýjan tónlistarskóla skal gerður til eins árs í senn.
- 14.2 Eftir þriggja ára starfstíma tónlistarskóla er heimilt að gera þjónustusamning til allt að þriggja ára í senn en þó með þeim fyrirvara að framlag Reykjavíkurborgar geti lækkað verði árlegur fjárhagsrammi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eða fjárheimildir Jöfnunarsjóðs skertar. Stefnt skal að því að endurskoðun þjónustusamnings með þriggja ára gildistíma eigi sér stað hálfu ári áður en hann fellur úr gildi.

15. gr.

Vanefndir á þjónustusamningi

- 15.1** Ef rökstuddur grunur er um að tónlistarskóli standist ekki kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla eða lögum sem koma í þeirra stað, aðalnámskrá tónlistarskóla, reglum um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda og reglum þessum getur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar stöðvað greiðslur og farið fram á endurstaðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis.
- 15.2** Berist endurskoðaður ársreikningur tónlistarskóla ekki á tilsettum tíma, sbr. gr. 12.4 í reglum þessum, getur skóla- og frístundasvið stöðvað greiðslur til skólans. Sama gildir ef starfsáætlun tónlistarskóla fyrir næsta skólaár, sbr. gr. 12.1 í reglum þessum og/eða greinargerð um skólastarf síðasta skólaárs, sbr. gr. 12.5 í reglum þessum, berast ekki á tilsettum tíma.

16. gr.

Gildistaka

- 16.1** Reglur þessar eru settar samkvæmt 2. gr. laga nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, ákvæðum samkomulags ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá [29. mars 2022](#) ~~3. desember 2018~~ um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglum um framlög Jöfnunarsjóðs um framlögin frá 31. ágúst 2016. Reglur þessar taka gildi við samþykkt borgarráðs. Frá sama tíma falla úr gildi reglur samþykktar af borgarráði þann 29. maí 2012 um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.

Ákvæði til bráðabirgða

Ákvæði 2. mgr. í gr. 5.11 um að ekki sé greitt aukaframlag vegna langtímaveikinda tónlistarkennara sem náð hefur 70 ára aldri, tekur gildi frá 1. september 2017.

Síðasti málsliður í ákvæði 8.2 um að fjármagn skuli að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar á ekki við um samninga vegna efri stiga vegna skólaársins 2016 – 2017 ef tónlistarskóli hefur fengið bætta neikvæðan mismun kennslumagns á grundvelli upplýsinga frá vori 2014 og vori 2016. Nánar skal kveðið á um skilyrði á nýtingu fjármagns í samningi við þá tónlistarskóla sem í hlut eiga.

Ákvæði 9.1 á ekki við vegna skólaársins 2016 – 2017 gagnvart þeim tónlistarskólum sem gerður var þjónustusamningur við árið 2012.

Ákvæði 9.1 á ekki við vegna skólaáranna 2017 – 2018, 2018 – 2019, 2019 – 2020, 2020 – 2021, 2021 – 2022 og 2022 – 2023 og [2023 – 2024](#) gagnvart þeim tónlistarskólum sem gerður hefur verið þjónustusamningur við vegna tímabilanna 1. september 2016 til 31. ágúst 2017, 1. september 2017 til 31. júlí 2020, 1. ágúst 2020 til 31. júlí 2021, 1. ágúst 2022 til 31. júlí 2023 vegna neðri stiga tónlistarnáms. Jafnframt gagnvart þeim sem gerður hefur verið samningur árlega vegna efri stiga frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018. Hafi orðið breyting á

DRÖG

sammingsaðila á framangreindum tímabilum nær ákvæðið til þeirra sem verða með þjónustusamning vegna skólaársins 2023² – 2024. Bráðabirgðaákvæðið fellur úr gildi þann 31. júlí 2024.

Varðandi ákvæði 12.4, síðari málslíð, gildir að fram að skólaárinu 2019–2020 er tónlistarskólum sem gert hafa samning við Reykjavíkurborg heimilt að hafa sama uppgjörstímabil og áður en þeim ber að tilkynna skóla- og frístundasviði um það val. Skil á ársreikningum skal vera eigi síðar en sex mánuðum eftir að fjárhagsári lýkur. Ársreikningur tónlistarskóla skal vera endurskoðaður frá og með árinu 2018 og gildir þannig um gerð ársreiknings vegna ársins 2017.

Eftirfarandi gildir til bráðabirgða vegna ákvæða 2.2, 5.2 og 5.5 reglna þessara **vegna neðri stiga tónlistarnáms:**

Nemendur yfir 18 ára aldri sem þegar stunda nám skólaárið 2022-2023 í tónlistarskólum með gildandi þjónustusamning við Reykjavíkurborg fá undanþágu til að ljúka námi sínu miðað við eðlilega námsframvindu til 25 ára aldurs.

Frá og með skólaárinu 2023-2024 verður ekki heimilt að nota fjárframlag vegna eða í þágu nýrra nemenda sem náð hafa 18 ára aldri í fornámi, grunnnámi og miðnámi. **Peir sem hófu nám fyrir 18 ára aldur frá þeim tíma fá þó undanþágu, miðað við eðlilega námsframvindu, til 23 ára aldurs til að ljúka grunn- og miðprófi. Undanþágan á einnig við þó nemandi hefji nám í öðrum tónlistarskóla á sama hljóðfæri. Hafi nemandi lokið grunnprófi fyrir 18 ára aldur hefur hann til 23 ára aldurs til að ljúka miðprófi þó svo viðkomandi hafi gert hlé á námi á tímabilinu. Sem fyrr er greitt rekstrarframlag vegna náms á framhaldsstigi gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga samkvæmt gildandi samkomulagi þar um.**

Nemendur yfir 26 ára aldri sem þegar stunda söngnám skólaárið 2022-2023 í tónlistarskólum með gildandi þjónustusamning við Reykjavíkurborg fá undanþágu til að ljúka söngnámi sínu miðað við eðlilega námsframvindu til 30 ára aldurs.

Frá og með skólaárinu 2023-2024 verður ekki heimilt að nota fjárframlag vegna eða í þágu nýrra -nemenda -sem náð hafa 26 ára aldri í grunnnámi í söng. **Peir sem hófu nám fyrir 26 ára aldur frá þeim tíma fá þó undanþágu til að fjárframlag sé notað í þeirra þágu miðað við eðlilega námsframvindu til 28 ára aldurs til að ljúka grunnprófi. Undanþágan á einnig við þó nemandi hefji nám í öðrum tónlistarskóla í söng. Sem fyrr er greitt fjárframlag vegna náms á mið- og framhaldsstigi gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga samkvæmt gildandi samkomulagi þar um.**

Sem áður er það skilyrði að nemendur séu með lögheimili í Reykjavík auk annarra skilyrða sem þarf að uppfylla.

Samþykkt í skóla- og frístundaráði þann 25. janúar 2017 og í borgarráði þann 9. febrúar 2017, sbr. breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 3. maí 2017 og í borgarráði þann 11. maí 2017, breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 9. september 2020 og í borgarráði þann 17. september 2020 og breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 11. maí 2021 og í borgarráði þann 20. maí 2021, sbr. jafnframt í skóla- og frístundaráði þann 27. júní 2022 og í borgarráði þann 7. júlí 2022. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 26. júní 2023 og í borgarráði þann xxx 2023.

- Sniðið: Leturgerð: 12 pkt.
- Sniðið: Leturgerð: 12 pkt.
- Sniðið: Leturgerð: 12 pkt.
- Sniðið: Leturgerð: 12 pkt.
- Sniðið: Auðkennt
- Sniðið: Leturgerð: 12 pkt., Auðkennt
- Sniðið: Leturgerð: (Sjálfgéfið) Times New Roman, 12 pkt.
- Sniðið: Leturgerð: 12 pkt.
- Sniðið: Leturgerð: 12 pkt.
- Sniðið: Leturgerð: 12 pkt.

- Sniðið: Leturgerð: (Sjálfgéfið) Times New Roman, 12 pkt.
- Sniðið: Leturgerð: 12 pkt.
- Sniðið: Leturgerð: 12 pkt., Ekki Auðkennt
- Sniðið: Leturgerð: 12 pkt.

- Sniðið: Leturgerð: 12 pkt.
- Sniðið: Yfirstrikað

DRÖG

Reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla

1. gr. Gildissvið

Reglur þessar gilda um:

- 1.1** Þjónustusamninga, sem Reykjavíkurborgar gerir við tónlistarskóla í Reykjavík vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík sem stunda fornám, grunnnám og miðnám á hljóðfæri og fornám og grunnnám í söng (neðri stig tónlistarnáms), sbr. lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og aðalnámskrá tónlistarskóla, sbr. auglýsingu nr. 529/2000, og úthlutun fjármagns á grundvelli þeirra.
- 1.2** Þjónustusamninga, sem Reykjavíkurborg gerir við tónlistarskóla í Reykjavík vegna nemenda sem stunda nám í söng á miðstigi, framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig og sem stunda nám í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig (efri stig tónlistarnáms), og greitt er vegna á grundvelli samkomulags, dags. 3. desember 2018, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglna Jöfnunarsjóðs, dags. 31. ágúst 2016, um framlögin.
- 1.3** Áður en þjónustusamningur er gerður við tónlistarskóla skal eftirfarandi liggja fyrir:
 - 1.3.1** Sérstakt samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytis sbr. lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
 - 1.3.2** Samþykktir fyrir tónlistarskóla, þar sem fram kemur rekstrarform, stjórn, og fjármögnun, undirritaðar af stjórn eða skólanefnd skólans.
 - 1.3.3** Þriggja ára fjárhagsáætlun skólans eða fjárhagsáætlun til jafn langs tíma og þjónustusamningur nær til.
 - 1.3.4** Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að ganga úr skugga um rekstrarhæfi tónlistarskóla áður en þjónustusamningur er gerður við skólann og hvenær sem er eftir að slíkur samningur hefur verið gerður ef málefnalegar ástæður eru fyrir hendi. Ef vafi leikur á um rekstrarhæfi tónlistarskóla er Reykjavíkurborg heimilt að hafna samningsgerð við skólann eða eftir atvikum að segja upp gildandi samningi. Til samræmis við lög um ársreikninga nr. 3/2006 skal koma fram í skýrslu stjórnar með ársreikningi ef vafi leikur á um rekstrarhæfi sbr. gr. 12.4 í reglum þessum.

2. gr. Skilgreiningar á hugtökum

- 2.1** Með tónlistarskóla í reglum þessum er átt við tónlistarskóla eins og hann er skilgreindur í 1. gr. laga nr. 75/1985.
- 2.2** Með neðri stigum tónlistarnáms í reglum þessum er átt við fornám, grunnnám og nám á miðstigi í hljóðfæraleik og fornám og grunnnám í söng. Fjárhagslegur stuðningur Reykjavíkurborgar er bundinn við nemendur í framangreindu námi með lögheimili í Reykjavík.

- 2.3 Með efri stigum tónlistarnáms í reglum þessum er átt við nám í söng á miðstigi, framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig og nám í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig. Reykjavíkurborg leggur ekki til fjármuni vegna framangreinds náms heldur miðlar framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli samkomulags, dags. 3. desember 2018, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Ekki er gerð krafa um að nemendur hafi lögheimili í Reykjavík.
- 2.4 Með nemendastundum í reglum þessum er átt við allar kennslustundir í aðalnámsgrein, meðleik og aukanámsgreinum auk stjórnunarstunda skv. kjarasamningum, umreiknuðum yfir í kennslustundir í grunnnámi.
- 2.5 Jafngildi grunnstignemanda í fullu námi er í reglum þessum talið 38 nemendastundir á ári.

3. gr. Markmið

- 3.1 Markmið reglna þessara er:
- 3.1.1 Að stuðla að góðu, faglegu, vel skipulögðu og fjölbreyttu námi á neðri og efri stigum tónlistarnáms í Reykjavík.
- 3.1.2 Að stuðla að því að hjá tónlistarskólum í Reykjavík starfi fagfólk, sem hefur menntun og hæfni til að sinna kennslu í tónlistarnámi.
- 3.1.3 Að stuðla að því að tónlistarskólar í Reykjavík séu sýnilegt og lifandi afl í nærumhverfi sínu.

4. gr.

- 4.1 Í þjónustusamningi Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla skal að minnsta kosti fjalla um fjárframlag til tónlistarskóla og kennslumagn, skilyrði framlags til tónlistarskóla, skilyrði um kennslu og kennslumagn tónlistarnáms, umsókn og innritun í tónlistarskóla, upplýsingagjöf og eftirlit, vanefndir á þjónustusamningi, leiðréttingar á fjárframlagi og samningstíma.

5. gr.

Um fjárframlag til tónlistarskóla

- 5.1 Reykjavíkurborg ber hvorki lagalega né fjárhagslega ábyrgð á rekstri þeirra tónlistarskóla sem gert hafa þjónustusamning við Reykjavíkurborg.
- 5.2 *Fjárframlag vegna nemenda á neðri stigum tónlistarnáms:* Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um árlegt heildarfjármagn og kennslumagn til tónlistarskóla vegna náms á neðri stigum tónlistarnáms. Heildarframlög til skólanna ráðast af árlegum fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og geta framlög til skólanna tekið breytingum milli ára. Alla jafna er tekið tillit til gildandi úthlutunar við úthlutun fjármagns til tónlistarskóla. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg.

- 5.3** *Fjárframlag vegna nemenda á efri stigum tónlistarnáms:* Reykjavíkurborg miðlar framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna náms á efri stigum tónlistarnáms, sbr. gr. 2.3 reglna þessara. Um úthlutun, miðlun og nýtingu framlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gilda ákvæði samkomulags, dags. 3. desember 2018, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglur Jöfnunarsjóðs, dags. 31. ágúst 2016, og ákvæði reglna þessara.
- 5.4** Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar greiðir tónlistarskólum fjárframlag í samræmi við þjónustusamninga, sbr. gr. 1.1 í reglum þessum og miðlar framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í samræmi við þjónustusamninga, sbr. gr. 1.2 í reglum þessum.
- 5.5** *Um fjárframlag vegna nemenda á neðri og efri stigum tónlistarnáms:*
- Bein fjárframlög Reykjavíkurborgar til tónlistarskóla eru einungis vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík og falla utan samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 3. desember 2018 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda. Á meðan framangreint samkomulag er í gildi leggur Reykjavíkurborg ekki til fé til tónlistarskóla umfram framlag ríkisins vegna þeirra nemenda sem falla undir samkomulagið. Verði samkomulagið hvorki framlengt né endurskoðað að gildistíma liðnum mun Reykjavíkurborg taka afstöðu til þess hvort gera eigi þjónustusamninga við tónlistarskóla um framlög vegna þeirra nemenda sem féllu undir samkomulagið og þá aðeins vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík.
- 5.6** Tónlistarskóli nýtir árlegt framlag til greiðslu kennslu- og stjórnunarkostnaðar í samræmi við þann fjölda nemendastunda sem tilgreindar eru í samningi við hann og skólarnir telja sig að lágmarki geta kennt m.v. heildarframlag.
- 5.7** Tónlistarskólar skulu innheimta skólagjöld. Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnaði kennara og skólastjóra, að svo miklu leyti sem rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af styrktarmeðlimum eða annarri fjáröflun.
- 5.8** Tónlistarskólar bera ábyrgð á að kennsla og önnur starfsemi þeirra sé í samræmi við gildandi þjónustusamning. Skilyrði þess að tónlistarskóli fái fjárframlag Reykjavíkurborgar og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að hann starfi að fullu samkvæmt þessum reglum.
- 5.9** Tónlistarskólum ber að fara eftir kjarasamningum sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir við stéttarfélög tónlistarskólakennara á hverjum tíma, þ.m.t. ábyrgð á réttu og samræmdu mati menntunar og reynslu tónlistarkennara í samræmi við ákvæði kjarasamnings.
- 5.10** Tónlistarskóli sem greiðir fleiri stjórnunarstundir en kjarasamningar kveða á um þarf að skila frávikagreiningu til Reykjavíkurborgar en hvorki fjármagn frá Reykjavíkurborg né Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skal nota til greiðslu þess kostnaðar.

5.11 Tónlistarskóla er heimilt að sækja sérstaklega um aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar skólans við afleysingar vegna langtímaforfalla tónlistarkennara sem ekki hafa náð 70 ára aldri, að loknum samfelldum eins mánaðar forföllum kennarans, sem staðfest eru með læknisvottorði og að því gefnu að tónlistarkennarinn eigi rétt á greiðslu launa í veikindum sínum. Umsóknarfrestur um aukaframlag er til 1. júní vegna yfirstandandi skólaárs. Ekki er greitt aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar vegna langtímaveikinda tónlistarkennara sem náð hafa 70 ára aldri.

6. gr.

Ákvörðun um breytingu á úthlutun fjárframlags

- 6.1** Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar gerir tillögu til borgarráðs um gerð þjónustusamnings við nýja tónlistarskóla, s.s. í nýjum hverfum, hverfum sem eru í vexti eða þegar starfandi tónlistarskóli hættir rekstri. Í þessum tilvikum skal Reykjavíkurborg auglýsa eftir aðilum sem áhuga hafa á að reka tónlistarskóla eða setja upp útibú frá starfandi skóla.
- 6.2** Ef tónlistarskóli hættir eða umtalsverð fækkun verður á kenndum stundum í tilgreindum skólum er heimilt að úthluta samsvarandi stundum til annarra skóla. Miða skal við að beina kennslumagni einkum í þau hverfi sem eru í vexti með tilliti til barnafjölda eða þar sem fá tækifæri eru til tónlistarnáms.
- 6.3** Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar getur veitt tónlistarskóla undanþágu frá lágmarksfjölda nemenda (150) eða ígildi þess ef um er að ræða borgarhluta sem skortir slíka þjónustu að mati skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, nýjungar í starfi eða faglega þróun sem talin er þörf á að styrkja, s.s. fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning Tillögu um slíkt skal leggja fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar.

7. gr.

Skilyrði um kennslu og kennslumagn á neðri stigum tónlistarnáms

- 7.1** Tónlistarskóli sem Reykjavíkurborg gerir þjónustusamning við skal uppfylla eftirtalin skilyrði og markmið um kennslu og kennslumagn vegna neðra stiga tónlistarnáms:
- 7.1.1** Tónlistarskóli skal leitast við að kenna hverjum nemanda í fullu námi að jafnaði eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein, auk hliðargreina, á starfstíma tónlistarskólans samkvæmt kjarasamningi.
- 7.1.2** Aðalnámskrá tónlistarskóla skal ávallt liggja til grundvallar náminu, en skólanum er heimilt að leggja áherslu á afmarkaða þætti aðalnámskrárinnar í þeim tilgangi að auka fjölbreytni í tónlistarskólasterfinu og mæta áhuga nemenda.
- 7.1.3** Fjármagn skal að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar.

7.1.4 Tónlistarskóla er heimilt að sækja um að fjárframlög úr borgarsjóði vegna samþykkt kennslumagns á neðri stigum tónlistarnáms verði nýtt með öðrum hætti en að framan greinir, en þó aðeins þannig að breytingin leiði til fjölgunar nemenda, enda fái hver nemandi í fullu námi a.m.k. eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein sinni þar sem kennsla fer fram í smærri eða stærri hópum auk hliðargreina. Skólinn skal gera grein fyrir nýtingu fjármagns á grundvelli breytts fyrirkomulags kennslu og áhrifum þess í starfsáætlun og greinargerð.

7.1.5 Áhersla er lögð á að tónlistarskólar leiti eftir samstarfi við grunnskóla Reykjavíkurborgar um kennslu yngri nemenda á skólatíma eða í beinu framhaldi af honum. Skriflegt samþykki foreldra nemenda þarf til að taka nemendur út úr kennslutímum grunnskóla til iðkunar tónlistarnáms.

8. gr.

Skilyrði um kennslu og kennslumagn á efri stigum tónlistarnáms

- 8.1** Á grundvelli samkomulags ríkis við Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 3. desember 2018, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms greiðir ríkið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til greiðslu kennslukostnaðar í tónlistarskólum vegna náms í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og náms í söng á miðstigi og framhaldsstigi auk viðbótarnáms eftir framhaldsstig. Reykjavíkurborg tekur við framlagi vegna tónlistarnáms á efri stigum frá Jöfnunarsjóði, stýrir aðgengi að náminu og nýtingu kennslumagns með gerð þjónustusamninga og greiðir áfram til tónlistarskóla á grundvelli samkomulags og reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda og að teknu tilliti til málefnalegra sjónarmiða þegar þeim reglum sleppir.
- 8.2** Í þjónustusamningi við tónlistarskóla vegna kennslu á efri stigum tónlistarnáms skal tilgreina heildarframlag á skólaárinu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem kemur í hlut skólans vegna þess kennslumagns sem fellur undir samkomulag og ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 3. desember 2018 og reglur Jöfnunarsjóðs um framlögin. Sömuleiðis skal tilgreina það kennslumagn sem miðað er við í útreikningi framlags, sem byggir á upplýsingum frá skólum til Reykjavíkurborgar og Jöfnunarsjóðs frá fyrra ári. Enn fremur skal tilgreina það lágmarkskennslumagn sem skólanum er ætlað að uppfylla. Fjármagn skal að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar vegna náms á efri stigum tónlistarnáms.
- 8.3** Tónlistarskóli skal fylgja reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um kennslu og nýtingu kennslumagns og þessum reglum þegar reglum Jöfnunarsjóðs sleppir.

9. gr.

Skilyrði um kennslu og kennslumagn á neðri og efri stigum tónlistarnáms

9.1 Tónlistarskóli þarf að jafnaði að hafa a.m.k. 150 nemendur eða ígildi þess fjölda á grunnstigi, sem stunda nám til viðurkenndra áfangaprófa samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Skóli er ekki skyldugur til að hafa 150 reykvíska nemendur, heldur einungis að hafa 150 nemendur í styrkhæfu námi að mati Reykjavíkurborgar.

9.2 Tónlistarskólanum er heimilt að ráðstafa fleiri nemendastundum en fram kemur í þjónustusamningi en aukin þjónusta skólans hefur ekki áhrif á fjárhæð framlags.

9.3 Tónlistarskóli sem velur að kenna fleiri nemendastundir en þjónustusamningur kveður á um skal gera grein fyrir því og með hvaða hætti það hefur áhrif á það kennslumagn sem hverjum nemanda býðst.

9.4 Skólaári skal ljúka með prófum og opinberum tónleikum.

10. gr.

Kaup á viðbótarþjónustu

10.1 Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar getur samkvæmt nánari reglum tekið ákvörðun um og lagt til við borgarráð að keypt verði viðbótarþjónustu af ákveðnum tónlistarskólum. Rökstyðja skal slíka ákvörðun.

11. gr.

Umsókn og innritun í tónlistarskóla

11.1 Umsókn um nám í tónlistarskóla fer fram í miðlægu innritunarkerfi Reykjavíkurborgar.

12. gr.

Upplýsingagjöf og eftirlit

12.1 Tónlistarskóli gerir starfsáætlun samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og sendir Reykjavíkurborg eigi síðar en 1. júlí ár hvert.

12.2 Tónlistarskóli afhendir skóla- og frístundasviði þegar eftir því er óskað yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins auk upplýsinga um áætlaðan nemendafjölda.

12.3 Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur getur krafist tónlistarskóla um fjárhagsáætlun fyrir tiltekið tímabil samkvæmt leiðbeiningum Reykjavíkurborgar.

12.4 Tónlistarskóli sendir skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar endurskoðaðan ársreikning um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög um ársreikninga og góða reiknisskilavenju auk skýrslu stjórnar að fyrir 1. febrúar ár hvert. Ársreikningur skal gerður á grundvelli skólaársins frá 1. ágúst til 31. júlí.

12.5 Tónlistarskóli skilar greinargerð um starfsemi síðasta skólaárs samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar fyrir 1. júlí ár hvert.

- 12.6 Tónlistarskóli skilar til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar upplýsingum um kennslu og nýtingu kennslumagns á efri stigum tónlistarnáms vegna yfirstandandi skólaárs á viðeigandi eyðublaði fyrir 1. mars ár hvert.
- 12.7 Reykjavíkurborg getur hvenær sem er látið gera stjórnsýsluúttekt á tónlistarskólum.

13. gr.

Menntun skólastjórnenda og kennara

- 13.1 Stjórn/skólanefnd tónlistarskóla ræður skólastjóra.
- 13.2 Menntun skólastjóra skal vera tónlistarskólakennari III samkvæmt kjarasamningum við tónlistarkennara hið minnsta og framhaldsmenntun á sviði tónlistar eða stjórnunar er æskileg.
- 13.3 Alla jafna er gert ráð fyrir því að starf skólastjóra sé fullt starf.
- 13.4 Minnst 80% kennara í hverjum tónlistarskóla skulu hafa réttindi tónlistarskólakennara III samkvæmt kjarasamningum við tónlistarkennara.

14. gr.

Samningstími

- 14.1 Þjónustusamningur Reykjavíkurborgar við nýjan tónlistarskóla skal gerður til eins árs í senn.
- 14.2 Eftir þriggja ára starfstíma tónlistarskóla er heimilt að gera þjónustusamning til allt að þriggja ára í senn en þó með þeim fyrirvara að framlag Reykjavíkurborgar geti lækkað verði árlegur fjárhagsrammi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eða fjárheimildir Jöfnunarsjóðs skertar. Stefnt skal að því að endurskoðun þjónustusamnings með þriggja ára gildistíma eigi sér stað hálfu ári áður en hann fellur úr gildi.

15. gr.

Vanefndir á þjónustusamningi

- 15.1 Ef rökstuddur grunur er um að tónlistarskóli standist ekki kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla eða lögum sem koma í þeirra stað, aðalnámskrá tónlistarskóla, reglum um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda og reglum þessum getur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar stöðvað greiðslur og farið fram á endurstaðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis.
- 15.2 Berist endurskoðaður ársreikningur tónlistarskóla ekki á tilsettum tíma, sbr. gr. 12.4 í reglum þessum, getur skóla- og frístundasvið stöðvað greiðslur til skólans. Sama gildir ef starfsáætlun tónlistarskóla fyrir næsta skólaár, sbr. gr. 12.1 í reglum þessum og/eða

greinargerð um skólustarf síðasta skólaárs, sbr. gr. 12.5 í reglum þessum, berast ekki á tilsettum tíma.

16. gr. Gildistaka

16.1 Reglur þessar eru settar samkvæmt 2. gr. laga nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, ákvæðum samkomulags ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 3. desember 2018 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglum um framlög Jöfnunarsjóðs um framlögin frá 31. ágúst 2016. Reglur þessar taka gildi við samþykkt borgarráðs. Frá sama tíma falla úr gildi reglur samþykktar af borgarráði þann 29. maí 2012 um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.

Ákvæði til bráðabirgða

Ákvæði 2. mgr. í gr. 5.11 um að ekki sé greitt aukaframlag vegna langtímaveikinda tónlistarkennara sem náð hefur 70 ára aldri, tekur gildi frá 1. september 2017.

Síðasti málsliður í ákvæði 8.2 um að fjármagn skuli að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar á ekki við um samninga vegna efri stiga vegna skólaársins 2016 – 2017 ef tónlistarskóli hefur fengið bættan neikvæðan mismun kennslumagns á grundvelli upplýsinga frá vori 2014 og vori 2016. Nánar skal kveðið á um skilyrði á nýtingu fjármagns í samningi við þá tónlistarskóla sem í hlut eiga.

Ákvæði 9.1 á ekki við vegna skólaársins 2016 – 2017 gagnvart þeim tónlistarskólum sem gerður var þjónustusamningur við árið 2012.

Ákvæði 9.1 á ekki við vegna skólaáranna 2017 – 2018, 2018 – 2019, 2019 – 2020, 2020 – 2021, 2021 – 2022 og 2022 - 2023 gagnvart þeim tónlistarskólum sem gerður hefur verið þjónustusamningur við vegna tímabilanna 1. september 2016 til 31. ágúst 2017, 1. september 2017 til 31. júlí 2020, 1. ágúst 2020 til 31. júlí 2021, 1. ágúst 2022 til 31. júlí 2023 vegna neðri stiga tónlistarnáms. Jafnframt gagnvart þeim sem gerður hefur verið samningur árlega vegna efri stiga frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018. Hafi orðið breyting á samningsaðila á framangreindum tímabilum nær ákvæðið til þeirra sem verða með þjónustusamning vegna skólaársins 2022 – 2023.

Varðandi ákvæði 12.4, síðari málslið, gildir að fram að skólaárinu 2019-2020 er tónlistarskólum sem gert hafa samning við Reykjavíkurborg heimilt að hafa sama uppgjörstímabil og áður en þeim ber að tilkynna skóla- og frístundasviði um það val. Skil á ársreikningum skal vera eigi síðar en sex mánuðum eftir að fjárhagsári lýkur. Ársreikningur tónlistarskóla skal vera endurskoðaður frá og með árinu 2018 og gildir þannig um gerð ársreiknings vegna ársins 2017.

Samþykkt í skóla- og frístundaráði þann 25. janúar 2017 og í borgarráði þann 9. febrúar 2017, sbr. breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 3. maí 2017 og í borgarráði þann 11. maí 2017, breytingar samþykktar í skóla-

og frístundaráði þann 9. september 2020 og í borgarráði þann 17. september 2020 og breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 11. maí 2021 og í borgarráði þann 20. maí 2021, sbr. jafnframt í skóla- og frístundaráði þann 27. júní 2022 og í borgarráði þann 7. júlí 2022.

Mennta- og barnamálaráðherra, innviðaráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga, f.h. sveitarfélaga, (til samans nefndir aðilar) gera með sér eftirfarandi:

Samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms

1. gr.

Markmið

Aðilar eru sammála um að gera nemendum kleift að stunda hljóðfæranám á framhaldsstigi og söngnám á mið- og framhaldsstigi óháð búsetu.

Markmiðum þessum verður m.a. náð með því að ríkissjóður greiði árlegt framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til greiðslu kennslukostnaðar nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og söng ásamt miðnámi í söng, og annarra nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan lögheimilis sveitarfélags skv. nánari skilyrðum í reglum sem innviðaráðherra gefur út.

2. gr.

Fjárstuðningur ríkisins við tónlistarnám á vegum sveitarfélaga

Ríkissjóður greiðir árlegt styrktarframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem renna skal til greiðslu kennslukostnaðar í samræmi við markmið 1. gr., að meðtöldu álagi fyrir stjórnunarkostnað, langtímaforföll, hljóðfæragjald og tengdan kostnað, að fjárhæð 661,6 m.kr. Styrktarframlagið er af málefnasviði 20 – *Framhaldsskólastig*, málaflokki 20.20 – *Tónlistarfræðsla*. Styrktarframlagið tekur breytingum skv. almennri verðlagsuppfærslu fjárlaga hverju sinni og er notuð tilfærslureglan 85-15, þ.e. launauppfærsla er 85% og verðlagsuppfærsla 15%. Styrktarframlag samkomulags þessa tekur fyrstu verðlagsuppfærslu um áramótin 2022/2023.

Á móti styrktarframlagi ríkisins samkvæmt samkomulagi þessu skuldbinda sveitarfélög sig til að taka yfir verkefni frá ríki sem nemur að fjárhæð 279,1 m.kr. á ársgrundvelli, sbr. viðauka við samkomulag þetta. Sömu reglur gilda um verðlagsuppfærslu skuldbindingar þeirrar fjárhæðar og getið er í 1. mgr. gagnvart styrktarframlaginu. Jafnframt munu breytingar á fjárhæðum í samkomulagi þessu sem rekja má til ákvæða 6. gr. breyta fjárhæðum í viðauka með sambærilegum hætti.

Sveitarfélög skulu tryggja að framlag skv. 1. mgr. renni, án tillits til búsetu, til kennslu þeirra nemenda sem innritaðir eru í viðurkennda tónlistarskóla. Sveitarfélög skulu jafnframt tryggja að nemendur sem njóta framlags greiði ekki annað en skólagjöld til viðkomandi tónlistarskóla. Sveitarfélög skulu stýra aðgengi að náminu og nýtingu kennslumagns með gerð þjónustusamninga við þá tónlistarskóla sem ekki eru reknir af sveitarfélögum.

3. gr.

Reglur

Innviðaráðherra setur nánari ákvæði um úthlutun framlags skv. 2. gr., skilyrði um námsframvindu nemenda og upplýsingaskyldu sveitarfélaga og tónlistarskóla í reglum sem samdar eru í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Þar skal áskilið að þeir nemendur í framhaldsnámi sem stuðnings njóta skv. samkomulagi þessu hafi lokið miðnámi að fullu í aðalgrein og aukanámsgreinum. Einnig er heimilt að skilgreina í reglunum í hvaða tilvikum og með hvaða skilyrðum er heimilt að greiða framlag vegna nemenda sem hafa lokið námi á framhaldsstigi.

Í reglunum skal kveðið á um skiptingu þess kennslumagns sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur til ráðstöfunar á landsvísu. Við þá skiptingu er heimilt að leggja til grundvallar fyrirliggjandi upplýsingar hjá Jöfnunarsjóði um skiptingu kennslumagns milli sveitarfélaga á síðustu tveimur árum. Framlag til einstakra tónlistarskóla skal aldrei nema hærri fjárhæð en útlögðum kennslukostnaði og öðrum kostnaði skv. 1. mgr. 2. gr. en þó er heimilt að setja í reglur ákvæði um tímabundna afkomutryggingu til að bregðast við breyttum aðstæðum.

Í reglunum er jafnframt heimilt að kveða á um framlög til sveitarfélaga vegna nemenda í tónlistarnámi sem ekki falla undir 1. mgr. en þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan lögheimilis sveitarfélags.

4. gr.

Réttindi nemenda

Á grundvelli samkomulags þessa tryggja sveitarfélög að nemendur sem uppfylla inntökuskilyrði tónlistarskóla og reglur um námsframvindu geti stundað tónlistarnám á framhaldsstigi í hljóðfæraleik og á mið- og framhaldsstigi í söng án tillits til búsetu. Samkomulag þetta hefur ekki áhrif á rétt tónlistarskóla til að krefja nemendur um skólagjöld skv. gildandi lögum.

5. gr.

Samráðsnefnd

Til að fylgjast með framkvæmd samkomulagsins tilnefna aðilar fulltrúa í 5 manna samráðsnefnd sem fundar að lágmarki árlega og oftar ef þörf krefur. Samráðsnefndin skal skipuð tveimur fulltrúum mennta- og barnamálaráðuneytis, tveimur fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga og einum fulltrúa innviðaráðuneytis.

Á reglulegum fundum samráðsnefndarinnar leggur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fram upplýsingar um þróun nemendafjölda, kennslumagns og einingaverða og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta framkvæmd samkomulagsins og þar með talið framkvæmd einstakra verkefna sem kveðið er á um í viðauka. Samráðsnefndin tekur árlega formlega afstöðu til þeirra verkefna sem tilgreind eru í viðauka við samkomulag þetta og skiptingu fjár þeirra á milli. Ef um breytingar er að ræða þá skilar samráðsnefndin tillögugerð þar um til aðila samkomulags þessa til staðfestingar. Jafnframt fjallar samráðsnefndin um álitaeftni sem snúa að túlkun samkomulagsins og reglna sem settar eru á grundvelli þess. Samráðsnefndin skilar

árlegri skilagrein til mennta- og barnamálaráðuneytis um framkvæmd verkefnisins. Samráðsnefndin getur gert tillögur um viðbrögð við álitamálum sem koma upp vegna atvika sem ófyrirséð eru við gerð þessa samkomulags.

Aðilar geta óskað eftir því að samráðsnefndin komi saman þegar tilefni er til, svo sem ef upp koma aðstæður sem fjallað er um í 6. gr.

Nefndin setur sér nánari starfsreglur.

6. gr.

Lagabreytingar, forsendur og fyrirvari

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki fjármála- og efnahagsráðherra skv. 1. mgr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál, á grundvelli heimildar í 40 gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

Verði gerð breyting á fjárheimildum til málaflokks 20.20 í fjárlögum geta aðilar tekið upp viðræður í samráðsnefnd um aðlögun verkefnisins að breyttri fjárveitingu. Jafnframt geta aðilar óskað eftir viðræðum um áhrif lagabreytinga og annarra breytinga á ytri aðstæðum sem haft geta áhrif á markmið og framkvæmd samkomulagsins.

Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunni að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Samband íslenskra sveitarfélaga ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samkomulagsins verði lækkað eða það fellt niður en veruleg breyting getur þó veitt rétt til uppsagnar samkomulagsins. Séu gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til málaflokks 20.20 er heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem falla undir samkomulag þetta.

Samkomulag þetta felur ekki í sér breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna verkefnisins takmarkast við þá fjárhæð sem fram kemur í samkomulagi þessu. Fjárstuðningur ríkisins skv. 2. gr. er óháður útgjöldum sveitarfélaga vegna reksturs tónlistarskóla og tekur ekki breytingum í samræmi við þau. Kjósi sveitarfélag að auka kennslumagn umfram úthlutun úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ber það sjálft þann viðbótarkostnað.

7. gr.

Gildistími, greiðslur og endurskoðun


Gildistími samkomulagsins er frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2024. Árlegt styrktarframlag er greitt til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tólf jöfnum hlutum fyrsta dag hvers mánaðar. Greitt er inn á bankareikning viðskiptabanka Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga enda uppfyllir samningshafi öll skilyrði og kröfur sem samkomulag þetta kveður á um.

Ákveði aðilar að segja samkomulaginu upp skal tilkynning um uppsögn send með sannanlegum hætti fyrir 1. febrúar á því ári sem samkomulagið gengur úr gildi.


2023/3/3 AEN

Viðræður um framlengingu samkomulagsins skulu hefjast eigi síðar en 1. nóvember 2023 og vera lokið eigi síðar en 1. apríl 2024. Hafi ekki náðst niðurstaða um nýtt samkomulag fyrir þann tíma framlengist samkomulagið sjálfkrafa um eitt ár enda hafi því ekki verið sagt upp skv. 2. mgr.

Reykjavík, 29. mars 2022.



f.h. Sambands íslenskrar sveitarfélaga




Mennta- og barnamálaráðherra



Innviðaráðherra

Samþykki veitt, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015,

Fjármála- og efnahagsráðherra



**Viðauki við samkomulag um stuðning við tónlistarnám og
jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms**

Tímabundin tilfærsla verkefna til sveitarfélaga frá ríki.

Sveitarfélög skuldbinda sig til, á grundvelli samkomulags um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, að taka tímabundið við verkefnum frá ríki á gildistíma samkomulagsins að fjárhæð 279,1 m.kr. auk verðlagsuppfærslu frá og með áramótum 2022/2023, samanber ákvæði 2. greinar samkomulagsins.

Á árinu 2022 er um að ræða eftirtalin verkefni;

a.	Endurmenntunarsjóður grunnskóla	59,6
b.	Námshagsjóður	72,6
c.	Reykjadalur	39,2
d.	Vistheimilið Bjarg	95,2
e.	Tölvumiðstöð fatlaðra	12,5
	Samtals	279,1 m.kr.

Gert er ráð fyrir að útgjöld til verkefna samkvæmt þessari grein skiptist jafnt milli sveitarfélaga í hlutfalli við íbúafjölda og að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði falið að standa skil á greiðslum sveitarfélaga með því að draga kostnað hvers sveitarfélags frá framlögum sjóðsins.

Á samningstímanum geta orðið breytingar og tilfærslur innan þess ramma sem greinin kveður á um á grundvelli tillögugerðar samráðsnefndar sem getið er í 5. grein samkomulagsins og að fenginni staðfestingu aðila samkomulagsins.

AED
mzj

REGLUR

um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda.

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Reglur þessar gilda um úthlutun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á styrktarframlagi úr ríkissjóði til sveitarfélaga vegna kennslukostnaðar í tónlistarskólum, sbr. samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms.

Framlagi ríkisins er ætlað að gera nemendum kleift að stunda tónlistarnám óháð búsetu og efnahag. Framlagið skal renna til greiðslu kennslukostnaðar nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og söng ásamt miðnámi í söng og, að uppfylltum skilyrðum, nemenda sem hafa lokið námi á framhaldsstigi.

Með framlagi ríkisins er Jöfnunarsjóði jafnframt heimilt að veita framlag vegna kennslukostnaðar annarra nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags, sbr. 7. gr. Skilyrði er að um sé að ræða tónlistarnám í viðurkenndum tónlistarskóla, þ.e. skóla sem kennir samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla og nýtur viðurkenningar mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Reglurnar gilda ekki um tónlistarnám sem kennt er í listframhaldsskólum.

2. gr.

Framlag úr ríkissjóði.

Eins og fram kemur í samkomulaginu frá 13. apríl 2016 er árlegt styrktarframlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð 520 m. kr. á árunum 2016 til 2018. Framlagið greiðist með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Um forsendur framlagsins og verðlagsbreytingar á tímabilinu vísast til 2. gr. samkomulagsins.

Ráðherra setur nánari vinnureglur um úthlutun framlaga að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Vinnureglurnar eru birtar sem viðauki við þessar reglur.

3. gr.

Upplýsingar frá tónlistarskólum – Umsóknir sveitarfélaga

Eigi síðar en 1. mars ár hvert skulu tónlistarskólar senda því sveitarfélagi, þar sem skóli starfar, skrá um alla nemendur sem stunda eða hafa stundað tónlistarnám á yfirstandandi skólaári sem fellur undir 2. mgr. 1. gr. Upplýsingum skal skilað á eyðublaði sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga lætur í té og nálgast má á vefsíðu Jöfnunarsjóðs: jofnunarsjodur.is.

Við skil upplýsinga til sveitarfélaga skal taka mið af eftirfarandi:

- a. Til að hægt sé að sækja um framlag vegna náms á miðstigi í söng þarf nemandi að hafa lokið að fullu námi í söng á grunnstigi. Framlög vegna náms á miðstigi eru að hámarki greidd í fjögur ár.
- b. Til að hægt sé að sækja um framlag vegna náms á framhaldsstigi í söng eða hljóðfæragreinum þarf nemandi að hafa lokið að fullu námi á miðstigi. Framlög vegna náms á framhaldsstigi eru að hámarki greidd í fimm ár.
- c. Til að hægt sé að sækja um framlag vegna viðbótarnáms að loknu framhaldsstigi (4. hæfniprep í söng eða hljóðfæranámi) þarf nemandi að hafa lokið að fullu námi á framhaldsstigi. Framlög vegna náms að loknu framhaldsstigi eru að hámarki greidd í tvö ár.

Sveitarfélögum ber að yfirfara upplýsingar frá tónlistarskólum um kennslumagn á yfirstandandi skólaári, skv. 1. málsgrein og senda til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir 15. mars ár hvert. Þær upplýsingar eru ígildi umsókna sveitarfélaga um framlög fyrir næsta skólaár. sbr. þó 1. mgr. 5. gr. Við útreikning og úthlutun framlaga, sbr. 2. mgr. 1. gr, er Jöfnunarsjóði heimilt, á grundvelli upplýsinga í umsókn sveitarfélagsins, að bregðast við verulegri fækkun nemenda einstakra tónlistarskóla á yfirstandandi skólaári þannig að skerðing á framlagi komi ekki að fullu til framkvæmda á næsta skólaári.

4. gr.

Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Þegar upplýsingar liggja fyrir úr umsóknum sveitarfélaga um kennslumagn á yfirstandandi skólaári, sbr. 3. gr., birtir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga upplýsingar um skiptingu framlaga (kennslumagns) milli sveitarfélaga vegna kennslu nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og söng ásamt miðnámi í söng, skv. 2. mgr. 1. gr. að teknu tilliti til þess fjármagns sem er til úthlutunar hverju sinni, sbr. 2. gr. Við útreikning á kennslumagni eru raunverulegar kennslumínútur (stundir) umreiknaðar yfir í einingar út frá stuðlum í kjarasamningi tónlistarkennara.

Upplýsingar um framlög fyrir komandi skólaár skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. apríl, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

Um mánaðarlegar greiðslur framlaga verður að ræða yfir skólaárið, þ.e. á tímabilinu september til ágúst. Greiðsla skal berast til sveitarfélags eigi síðar en síðasta dag hvers mánaðar.

5. gr.

Breyttar forsendur og veruleg frávik

Sveitarfélagi ber að gæta þess að framlag til einstakra tónlistarskóla nemi ekki hærri fjárhæð en heimilt er samkvæmt þessum reglum. Sveitarfélagi er þó heimilt að veita tónlistarskóla tímabundna afkomutryggingu til að bregðast við breyttum aðstæðum, sbr. 3. mgr. 3. gr. þessara reglna.

Sveitarfélagi ber að tilkynna Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ef forsendur fyrir úthlutun framlaga breytast, svo sem ef tónlistarskóli hættir starfsemi.

Komi í ljós verulegar breytingar á kennslumagni milli skólaára, við yfirferð upplýsinga frá sveitarfélögum, sbr. 2. mgr. 3. gr., er jöfnunarsjóði heimilt að leita skýringa hjá sveitarfélögum þar að lútandi.

Ef framlög til sveitarfélags hafa verið greidd á grundvelli rangra upplýsinga skal gerð leiðrétting áður en kemur til lokagreiðslu framlags fyrir viðkomandi skólaár, en ef því verður ekki við komið, getur sjóðurinn dregið mismuninn af öðrum framlögum sjóðsins.

6. gr.

Langtímaforföll.

Sveitarfélagi er heimilt að sækja sérstaklega um aukaframlag til Jöfnunarsjóðs vegna langtímaforfalla kennara á miðstigi í söng og á framhaldsstigi eða ofar í söng og hljóðfæragreinum, sem standa lengur en einn mánuð enda liggja fyrir læknisvottorð. Heildarframlag verður þó aldrei hærra en sem nemur raunverulegum viðbótarlaunakostnaði skólans vegna langtímaforfalla á því tímabili sem um ræðir.

Umsókn frá sveitarfélagi um framlag samkvæmt þessari grein skal berast til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir 20. júní ár hvert vegna skólaársins sem er að líða. Jöfnunarsjóði ber að hafa lokið útreikningi og úthlutun framlaga, skv. þessari grein fyrir 1. júlí ár hvert.

7. gr.

Framlög vegna nemenda á grunnstigi og nemenda á miðstigi í hljóðfæragreinum.

Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er heimilt að veita sveitarfélögum framlög vegna nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags sbr. 3. mgr. 1. gr. Skilyrði er að fyrir liggja staðfesting um að námið verði metið til eininga í framhaldsskóla. Umsóknir samkvæmt þessari grein skulu berast til jöfnunarsjóðs eigi síðar en 1. september vegna komandi skólaárs.

Úthlutun framlaga samkvæmt þessari grein takmarkast af því hve mikið fjármagn Jöfnunarsjóður hefur til ráðstöfunar að teknu tilliti til framlaga skv. 4. og 6. gr. Við ákvörðun framlaga skal umsóknum forgangsraðað í eftirfarandi röð:

1. Nemendur á miðstigi í hljóðfæragreinum.
2. Nemendur á grunnstigi í söng eða hljóðfæragreinum, þ.e. nemendur sem hafa verið í tónlistarnámi á grunnstigi í eitt skólaár eða lengur.
3. Nemendur sem eru að hefja nám á grunnstigi í söng.

Falli tónlistarnám nemenda undir þessa grein ber tónlistarskóla að senda lögheimilissveitarfélagi skrá um þá nemendur, sbr. ákvæði í 3. mgr. 1, gr,

Úthlutuð framlög vegna samþykktra umsókna samkvæmt þessari grein skulu að hámarki nema 50% af vegnu meðaltali framlags á nemanda, sbr. 2. mgr. 1. gr. Framlögin geta lækkað ef eftirspurn er umfram það fjármagn sem er til ráðstöfunar skv. 2. mgr. Sveitarfélag sem sækir um framlag greiðir þann hluta kennslukostnaðar sem út af stendur. Tónlistarskólar skulu gæta þess

að samþykki lögheimilissveitarfélags liggja fyrir vegna nemenda sem uppfylla skilyrði skv. 1. og 2. mgr., áður en þeir eru innritaðir í tónlistarnám.

Um umsóknir, greiðslu framlaga og leiðréttingu áætlaðra framlaga fer skv. 3.- 5. gr. eftir því sem við á. Jöfnunarsjóður skal senda lögheimilissveitarfélögum tilkynningu um áætluð framlög fyrir næsta skólaár samkvæmt þessari grein fyrir 1. október ár hvert.

8. gr.

Gildistaka.


Reglur þessar eru settar á grundvelli samkomulags ríkisins og sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda og laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985. Reglurnar öðlast þegar gildi og koma í stað reglugerðar nr. 23/2013, sem felld verður úr gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. gr. gildir eftirfarandi um framlög fyrir skólaárið 2016-2017:

- a. Við skiptingu kennslumagns og úthlutun framlaga samkvæmt 4. gr. þessara reglna liggja til grundvallar upplýsingar frá tónlistarskólum um nemendur og kennslumagn skólaárið 2015–2016, yfirfarnar af viðkomandi sveitarfélagi, á eyðublaði sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga lætur í té. Skoðast þessar upplýsingar sem ígildi umsókna sveitarfélaga um framlag og skulu þær liggja til grundvallar við skiptingu kennslumagns fyrir næsta skólaár. Við endanlega skiptingu kennslumagns er horft til þess hvort samdráttur hafi orðið í kennslumagni tónlistarskóla frá vori 2014 til vors 2016 og bætt við kennslumagni sem nemur 70 hundraðshlutum af neikvæðum mismun undanfarinna tveggja ára.
- b. Upplýsingar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um framlög á skólaárinu 2016 - 2017 skulu sendar til sveitarfélaga eigi síðar en 1. september 2016.

Innanríkisráðuneytinu, 31. ágúst 2016.



Vinnureglur

Úthlutun framlaga á grundvelli 2. mgr. 1. gr., sbr. 4. gr. reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda

Tónlistarskólar sem njóta viðurkenningar mennta- og menningarmálaráðuneytisins og veita nemendum kennslu sem fellur undir samkomulagið fylla út sérstakt skjal í töflureikni sem nálgast má á vefsíðu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í skjalinu er óskað eftir eftirfarandi upplýsingum

- Upplýsingum um nemendur sem falla undir samkomulagið.
- Upplýsingum um fjölda nemenda og kennslustunda sem falla ekki undir samkomulagið. Upplýsinganna er aflað vegna aðferðafræði við útreikning framlaga.
- Upplýsingum um allar aðrar kennslustundir, svo sem í tónfræði og samspili/samsöng.

Skjalið er síðan sent til kennslusveitarfélags eigi síðar en 1. mars. Kennslusveitarfélagið sendir síðan skjöl fyrir alla viðurkennda tónlistarskóla í sveitarfélaginu til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir 15. mars. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram koma í innsendum skjölum kennslusveitarfélags er fundinn út heildarfjöldi kennslueininga (sjá skilgreiningu hér á eftir) fyrir hvert sveitarfélag á grundvelli samkomulagsins. Hvert sveitarfélag fær síðan fjárframlag hlutfallslega miðað við heildarfjölda kennslueininga allra sveitarfélaga vegna þess náms sem fellur undir samkomulagið að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns Jöfnunarsjóðs. Sveitarfélögum er einnig tilkynnt, samhliða tilkynningu um framlag, hvaða lágmarksfjölda kennslustunda tónlistarskólum sveitarfélagsins ber að kenna. Fjöldi stunda er reiknaður út miðað við uppgefinn kostnað á kennslustund.

Útreikningsreglur

Við útreikning á heildarfjölda kennslueininga tónlistarskóla eru raunverulegar kennslumínútur (stundir) umreiknaðar yfir í einingar út frá stuðlum í kjarasamningi tónlistarkennara. Þessar umreiknuðu einingar eru grundvöllur að stöðuhlutfalli tónlistarkennara og endurspegla því hvernig kennslukostnaður er fundinn.

Aðferð við útreikninginn er sú að heildarkennslustundum og stundum í meðleik er breytt yfir í kennslustundir á grunnstigi. Þessar umreiknuðu kennslustundir kallast kennslueiningar. Þetta er gert með stuðlum reiknuðum skv. töflu 1 er sýnir mismunandi kennslueiningar eftir námsstigum fyrir hverja kennda klukkustund. Sem dæmi jafngildir ein kennslustund á miðstigi 1,0926 kennslueiningum og ein kennslustund í meðleik á miðstigi jafngildir 1,2371 kennslueiningum.

Tafla 1 - Kennslueiningar fyrir hverja kennslustund/meðleik á hverju námsstigi

	Kennsla ¹⁾	Meðleikur
Fornám/Grunnstig	1,0000	1,0926
Miðstig	1,0926	1,2371
Framhaldsstig	1,2371	1,4229
Nám að loknu framhaldsst.	1,2371	1,4229

1) Einkakennsla, samkennsla, samspil, samsöngur og önnur kennsla.

Þannig er fundinn út heildarfjöldi kennslueininga (umreiknað kennslumagn) á ári, fyrir hvert sveitarfélag, sem fellur undir samkomulagið.

Námsstigin sem falla undir samkomulagið eru:

- Hljóðfæranám á framhaldsstigi
- Söngnám á miðstigi
- Söngnám á framhaldsstigi

Við kennslueiningar í aðalnámsgreinum (hljóðfæranám/söngnám) er síðan bætt hlutdeild þessara námsstiga í aukánámsgreinum í sömu hlutföllum.

Summa kennslueininga vegna þessara námsstiga hvers skóla er auðkennd “ T_{Samk} .” Summa allra skóla sama sveitarfélags er auðkennd “ S_{Samk} .” Summa allra sveitarfélaga sem falla undir samkomulagið er auðkennt “ H_{Samk} .”

$$S_{\text{Samk}} = \sum T_{\text{Samk}} (i); i = \text{númer skóla innan sveitarfélags}$$

$$H_{\text{Samk}} = \sum S_{\text{Samk}} (j); j = \text{númer sveitarfélags}$$

$$F_{\text{Samk}} = \text{Fjármagn til ráðstöfunar vegna samkomulagsins}$$

$$F_{\text{Svfe}} = \text{Fjármagn til sveitarfélags}$$

Hvert sveitarfélag fær síðan fjárframlag hlutfallslega miðað við heildarfjölda kennslueininga allra sveitarfélaga vegna þess náms sem fellur undir samkomulagið skv. eftirfarandi:

$$F_{\text{Svfe}} = S_{\text{Samk}}/H_{\text{Samk}} \times F_{\text{Samk}}$$